

Nd.

212. Nefndarálit

[119. mál]

um frv. til l. um ráðstafanir vegna sjávarútvegsins o. fl.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur haft frv. þetta til athugunar, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess, og mun minni hlutinn (EÁ og SkG) skila sérálit.

Nær öll framleiðsla sjávarafurða í landinu byggist á því, að unnt sé að selja hana á erlendum mörkuðum. Á hinum ýmsu mörkuðum verða útflytjendur þessara afurða að selja vörur sínar í harðri samkeppni við sams konar afurðir frá öðrum þjóðum. Í slíkri samkeppni gildir fyrst og fremst það tvennt, að gæði vörunnar séu samkeppnisfær og að verðið, sem krafizt er, sé í samræmi við markaðsverð á sambærilegri vöru á þeim tíma, sem salan fer fram.

Óhætt mun að segja, að hvað gæðin snertir standi íslenskar sjávarafurðir vel að vígi í samkeppninni. Yfirleitt mun svo vera, að gæði þessara afurða standast fullkomlega samanburð við það, sem sem annars staðar þekkist, þótt aldrei megi slaka á sjálfsögðum kröfum í því efni.

Um verðlagið og samkeppnisaðstöðuna á því sviði gegnir allt öðru máli. Þar hefur framleiðslukostnaður vörunnar úrslitaáhrif, en einn veigamesti þáttur hans, auk verðs á hráefninu, er vinnslukostnaðurinn. Veigamikill liður í vinnslukostnaðinum, aftur á móti, eru vinnulaun þau, sem greidd eru til þeirra, sem starfa beint eða óbeint að vinnslunni. Breytingar á vinnulaunum hafa því mikil áhrif á framleiðslukostnaðinn og þar með á samkeppnisaðstöðuna.

Á s. l. ári mun láta nærri, að laun við fiskframleiðslu hafi hækkað um ekki minna en 30% og jafnvel meira í sumum tilvikum. Ljóst var, að slíkar stökkbreytingar á kaupgjaldi við framleiðslu útflutningsafurðanna hlutu óhjákvæmilega að leiða til stöðvunar framleiðslunnar, ef ekki yrði að gert, þar sem þær leiddu til stórhækkaðs framleiðslukostnaðar, sem gat ekki fengizt greiddur í söluverði afurðanna á erlendum mörkuðum.

Megintilgangur þessa frv. er að gera ráðstafanir til, að framleiðslan geti gengið áfram með eðlilegum hætti, með því að bæta henni að nokkru þær kauphækkunir, sem orðið hafa, og er þá miðað við þá 15% kauphækkun, sem var samið um í des. s. l., svo sem nánari grein er gerð fyrir í athugasemdum við frv.

Þá er enn fremur gert ráð fyrir því, að vegna sérstakra erfiðleika togaranna verði greiddur styrkur til rekstrar þeirra umfram það, sem togarautgerðin kann að fá úr Aflatryggingasjóði vegna aflabrests, svo og til sérstakrar fiskileitar fyrir togaraflotann, sem mjög hefur átt við aflaleysi að stríða nú um nokkurt skeið.

Bein afleiðing af kauphækkunum þeim, sem urðu í des. s. l., og í samræmi við þær er hækkun sú á greiðslum til almannatrygginga, sem gert er ráð fyrir.

Loks er svo gert ráð fyrir, að áður fyrirhugaðar lækkanir á niðurgreiðslum verði ekki látnar koma til framkvæmda að svo stöddu.

Kostnaður af ráðstöfunum þeim, sem frv. gerir ráð fyrir, er áætlaður 210 millj. kr., og er lagt til, að tekna verði aflað til greiðslu á þeim kostnaði með hækkun sölu-skatts úr 3% í 5%.

Með úrskurði yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins hinn 20. jan. s. l. var á grundvelli laganna um verðlagsráð ákveðið, að á þeirri vetrarvertíð, sem nú er hafin, skyldi fiskverð til veiðiskipanna vera hið sama og það var á vetrarvertíð 1963.

Útvegsmenn hafa talið, að aukinn útgerðarkostnaður, m. a. af hækkunum kaupgjalds, skerði mjög rekstrargrundvöll útgerðarinnar. Sjómenn telja ekki réttmætt, að þeir fái ekki hækkun á sínum launum í nokkru samræmi við almennar launabreytingar í landinu, en laun þeirra ákvarðast að meginhluta til af aflaverðmætinu.

Það verður ekki vefengt, að launa- og verðlagsbreytingar þær, sem orðið hafa í landinu á s. l. ári, íþyngja allverulega útgerðarrekkstrinum, og enn fremur er það

ljóst, að launahækkarnir á s. l. ári hafa rýrt aðstöðu sjómanna, ef borið er saman við þá, sem í landi vinna. Hvort tveggja þetta hefur óheppileg áhrif á þróun útgerðarinnar í heild.

Meiri hluti nefndarinnar hefur því að athuguðu máli og í samráði við ríkisstjórnina ákveðið að leggja til, að tekið verði upp í frv. ákvæði um heimild fyrir ríkisstjórnina til að greiða 6% viðbót við það fiskverð, sem ákveðið hefur verið.

Aðrar tillögur til breytinga á frv., sem meiri hluti nefndarinnar gerir, einnig í samráði við ríkisstjórnina, eru í sambandi við greiðslu styrks til togaranna, og miðar sú breyting að því að taka af öll tvímæli um, að við úthlutun til togaranna samkv. 2. gr. skuli miðað við þá togara, sem gerðir voru út á árinu 1963, en jafnframt sé heimilt að úthluta einnig til togara, sem kunna að verða gerðir út á árinu 1964, en voru ekki gerðir út á árinu 1963.

Aukin útgjöld vegna viðbótarinnar við fiskverðið er áætlað að nemi sem svarar því, að hækka þurfi söluskattinn samkv. 5. gr. frv. um $\frac{1}{2}\%$, í $5\frac{1}{2}\%$, en sú upphæð er áætluð 52.5 millj. kr.

Loks er svo breytingartillaga við 6. gr., þar sem kveðið er á um, að ríkisstjórnin beiti sér fyrir því, ef nauðsynlegt verður talið að fresta verklegum framkvæmdum ríkisins, að aðrir aðilar geri sambærilegar ráðstafanir varðandi framkvæmdir þeirra.

Meiri hluti nefndarinnar leggur því til, að frv. verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Í stað fyrri málsg. 2. gr. koma tvær málsg., svo hljóðandi:

Á árinu 1964 greiðir ríkissjóður Aflatryggingasjóði 51 millj. kr., er stjórn sjóðsins úthlutar til togara, sem gerðir voru út á árinu 1963. Skal úthlutunin miðast við úthaldstíma togara og að öðru leyti fara eftir reglum, sem sjávarútvegsmálaráðherra setur, að fengnum tillögum stjórnar Aflatryggingasjóðs. Heimilt er að úthluta af fé þessu, eftir hliðstæðum reglum, til togara, sem voru ekki gerðir út 1963, en eru gerðir út 1964.

Úthlutun samkvæmt 1. málsg. þessarar gr. er bundin því skilyrði, að samið hafi verið um greiðslu lána, sem hvíla á viðkomandi togara og eru í vanskilum við Ríkisábyrgðasjóð.

2. Við 2. gr. bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Frá 1. jan. 1964 er ríkisstjórninni heimilt að greiða sem svarar 6% viðbót við það ferskfiskverð, sem ákveðið var með úrskurði yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins 20. janúar 1964.

3. Í stað „5%“ í 1. og 3. málsg. 5. gr. kemur: $5\frac{1}{2}\%$.
4. 6. gr. orðist svo:

Ríkisstjórnin skal leita samstarfs við lánastofnanir, sjóði, sveitarstjórnir og einkaaðila um að halda fjárfestingarframkvæmdum á árinu 1964 innan hóflegra takmarka, og er í því skyni heimilt að fresta til ársins 1965 verklegum framkvæmdum ríkisins, sem fé er veitt til í fjárlögum fyrir árið 1964. Sama gildir um greiðslu framlaga til framkvæmda annarra aðila, sem ákveðin eru í fjárlögum 1964.

Alþingi, 27. jan. 1964.

Davíð Ólafsson,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Matthias Á. Mathiesen.